

# Aðalfundur Suðurlandsvegjar 1-3 hf.

## Fundargerð

Aðalfundur Suðurlandsvegjar 1-3 hf. haldinn 18. október 2021 kl. 10.40 að Suðurlandsvegi 1-3.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá skv. 13. gr. samþykka félagsins:

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2020
2. Ársreikningur 2020 lagður fram til samþykktar
3. Kjör stjórnar og endurskoðenda
4. Ráðstöfun hagnaðar/taps reikningsáranna
5. Ákvörðun um laun stjórnar
6. Önnur mál

Björk Grétarsdóttir stjórnarformaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Stjórnarformaður lagði fram tillögu um Þröst Sigurðsson sem fundarstjóra og Klöru Viðarsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

Kannað var með mætingu á aðalfund fyrir hönd hluthafa. Mættir voru fulltrúar fyrir hönd Lífeyrissjóðs Rangæinga (11,5%), Verkalýðsfélags Suðurlands (16,1%) og Rangárþings ytra (69%). Enginn mætti fyrir hönd Félags iðn- og tæknigreina (3,4%). Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðun og telst fundurinn því löglegur. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2020

Björk Grétarsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2020.

### 2. Ársreikningur 2020 lagður fram til samþykktar

Klara Viðarsdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársreikningana.

Í árslok 2020 voru eignir félagsins kr. 699.800.499, þar af lágu um 675 milljónir í fasteignum félagsins við Suðurlandsveg 1-3 á Hellu. Heildarskuldir félagsins í lok árs 2020 voru um 301,6 milljónir, þar af skammtímaskuldir um 21,3 milljónir. Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2020 og nam það um 22,3 milljónum kr. Eigið fé að teknu tilliti til taps ársins nam um 398,2 milljónum kr. Veltufé frá rekstri var 8,9 milljónir og handbært fé í árslok var 21,2 milljónir.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning 2020.

Ársreikningur 2020 borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða.

### 3. Kjör stjórnar og endurskoðanda

#### Eftirfarandi tillögur lágu fyrir um stjórn:

Fyrir Lífeyrissjóð Rangæinga, Verkalýsfélag Suðurlands og FIT: Aðalmenn verði Guðrún Elín Pálsdóttir og Þróstur Sigurðsson og varamenn Pétur Magnússon og Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir.

Fyrir Rangárþing ytra: Aðalmenn verði Björk Grétarsdóttir, Yngvi Karl Jónsson og Ágúst Sigurðsson og varamenn Haraldur Eiríksson, Gunnar Aron Ólason og Hugrún Pétursdóttir.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

#### Tillaga um endurskoðana:

Tillaga um að Auðunn Guðjónsson hjá KPMG sjái um endurskoðun félagsins.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Ráðstöfun hagnaðar/taps reikningsáranna

Tillaga um að tap ársins komi til lækkunar á eigin fé félagsins.

Samþykkt samhljóða.

### 5. Ákvörðun um laun stjórnar

Tillaga um að stjórnarlaun fylgi nefndarlaunum Rangárþings ytra skv. sérstökum reglum sem gilda þar um eins og verið hefur.

Samþykkt samhljóða.

### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

**Fundargerð yfirlésin og samþykkt og fundi slitið kl. 11:10**

Björk Grétarsdóttir  
Þróstur Sigurðsson  
Guðrún Elín Pálsdóttir  
Klara Viðarsel